



STARFSREGLUR STJÓRNAR ÍV SJÓÐIR HF.

1 ALMENNT

- 1.1 Reglur þessar eru settar á grundvelli laga nr. 2/1995 um hlutafélög, laga um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002 og leiðbeinandi tilmæla nr. 1/2010 um efni reglna samkvæmt 2. mgr. 54. laga nr. 161/2002. Reglurnar taka mið af leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja 5. útgáfu eftir því sem við á.
- 1.2 Starfsreglur þessar eru til fyllingar ákvæðum samþykkta félagsins. Skarist ákvæði samþykkta félagsins og starfsreglur þessar, gilda ákvæði samþykktanna.
- 1.3 Þeir sem sitja í stjórn félagsins skuldbinda sig til þess að hlíta reglum þessum.

2 SKIPAN STJÓRNAR OG VERKEFNI STJÓRNARFORMANNS

- 2.1 Stjórn félagsins skal skipuð þemur mönnum og tveimur til vara kjörnum á aðalfundi félagsins. Stjórn skal á fyrsta fundi eftir kjör sitt skipta með sér verkum. Aldursforseti stjórnar stýrir fundi stjórnar þar til stjórnin hefur kosið sér formann, en þá tekur nýkjörinn formaður við stjórn fundarins. Skal úr hópi stjórnarmanna kosinn formaður og variformaður. Jafnframt skal á fyrsta fundi ákveðið hver skuli rita fundargerðir stjórnar.
- 2.2 Formaður stjórnar ber ábyrgð á starfsemi stjórnar og að stjórn gegni hlutverki sínu með skilvirkum og skipulögðum hætti. Formaður stjórnar skal sjá til þess að ákvarðanir stjórnar séu teknar á traustum og upplýstum grunni. Hann skal hvetja til opinna samskipta og stuðla að uppbyggilegum umræðum, þar sem ólik viðhorf og skoðanir geta komið fram áður en til ákvarðanatöku kemur.

2.2.1 Helstu verkefni stjórnarformanns:

- Stuðla að því að verklag stjórnar sé í samræmi við lög, reglur og góða stjórnarhætti og að stjórn séu búnar sem bestar starfsaðstæður.
- Sjá til þess að stjórn uppfærir þekkingu sína á félagini og rekstri þess, ásamt því að stjórn fái almennt í störfum sínum nákvæmar og skýrar upplýsingar og gögn til að hún geti sinnt starfi sínu.
- Bera ábyrgð á samskiptum stjórnar við hluthafa félagsins auk þess að vera talsmaður stjórnar gagnvart öðrum hagsmunaaðilum.
- Taka frumkvæði að gerð og endurskoðun starfsreglna stjórnarinnar.
- Útbúa dagskrá stjórnarfunda, sjá um boðun þeirra og stjórnun í samstarfi við framkvæmdastjóra félagsins.
- Stýra stjórnarfundum og sjá til þess að nægur tími sé gefinn til umræðna og ákvörðunartöku á stjórnarfundum, sérstaklega hvað varðar stærri og flóknari mál.
- Fylgjast með framvindu ákvarðana stjórnarinnar innan félagsins.
- Sjá til þess að nýir stjórnarmenn fái nauðsynlegar upplýsingar og leiðsögn í starfsháttum stjórnar og málefnum félagsins, m.a. stefnu þess, markmið, áhættuvíðmið og rekstur.
- Að sjá til þess að stjórn meti með reglubundnum hætti störf sín og undirnefnda, ef við á.



- 2.2.2 *Stjórnarformaður skal ekki taka að sér önnur störf fyrir félagið en þau sem teljast eðlilegur hluti starfa hans sem stjórnarformanns, að undanskildum einstökum verkefnum sem stjórn felur honum að vinna fyrir sig.*

3 VERKSVIÐ STJÓRNAR

- 3.1 Stjórn fer með æðsta vald í málefnum félagsins milli hluthafafunda og ber meginábyrgð á rekstri þess. Hluthafar hafa sett féluginu samþykkir sem skilgreina hlutverk félagsins og tilgang. Stjórn skal setja féluginu markmið í samræmi við tilgang þess og móta stefnu þess í samstarfi við framkvæmdastjóra.
- 3.2 Stjórn skal fylgja leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja sem er leiðbeiningarrit útgefið af Viðskiptaráði Íslands, Samtökum atvinnulífsins og Nasdaq Iceland. Stjórn skal tryggja að félagið starfi í einu og öllu skv. lögum s.s. lögum um hlutafélög nr. 2/1995, lögum um fjármálfyrirtæki nr. 161/2002 og lögum um ársreikninga nr. 3/2006, að lögboðinni upplýsingaskyldu sé fylgt m.a. varðandi skattamál og tilkynningar og skýrsluskil til eftirlitsaðila.
- 3.3 Stjórn skal tryggja að nægilegt eftirlit sé haft með reikningshaldi og meðferð fjármuna félagsins og skal a.m.k. árlega staðfesta rekstrar- og fjárhagsáætlunar. Skal stjórn fylgjast með því að rekstrar- og fjárhagsáætlun sé fylgt, taka afstöðu til meiri háttar ráðstafana, þær tryggingar sem skipta máli, fjármögnun, peningastreymi og sérstaka áhcættuþætti. Skal stjórn sjá til þess að til staðar sé virkt kerfi innra eftirlits til að sinna þessu hlutverki.
- 3.4 Stjórn tekur ákværðanir í öllum málum sem telja verður óvenjuleg eða mikilsháttar, þ. á m. um meiri háttar útgjöld. Við mat á því hvort um óvenjuleg eða mikilsháttar mál sé að ræða skal líta til stærðar og skipulags félagsins, eðlis starfseminnar og tilgang ráðstöfunar. Þá skal stjórn ávallt fjalla um stofnun, slit og sameiningar sjóða í rekstri félagsins.
- 3.5 Stjórn félagsins fjallar um og tekur ákvörðun um einstakar fjárfestingar félagsins aðrar en þær sem teljast hluti af eðlilegri lausafjárvíringu þess, sölu eigna og aðra ráðstöfun þeirra á stjórnarfundum. Allar ákværðanir stjórnar samkvæmt framangreindu skulu vera í samræmi við gildandi fjárfestingastefnu félagsins á hverjum tíma, sem hluthafafundur hefur samþykkt.
- 3.6 Meirihluti stjórnar ritar firma félagsins og veitir prókúruumboð.
- 3.7 Stjórn skal meta með reglubundnum hætti störf sín, verklag og starfshætti, framgang félagsins, frammistöðu framkvæmdastjóra svo og skilvirkni undirnefnda, með aðstoð utanaðkomandi aðila eftir því sem við á. Slíkt árangursmat felur m.a. í sér að stjórnin leggi mat á styrkleika og veikleika í störfum sínum og verklagi og hugi að þeim hlutum sem hún telur að betur megi fara. Stjórn skal hittast a.m.k. árlega án framkvæmdastjóra og annarra starfsmanna.

4 STJÓRNARFUNDIR

- 4.1 Stjórnarfundir skulu að jafnaði haldnir á eins mánaðar fresti, eða þegar formaður ákveður. Aukafundir skulu haldnir eftir þörfum. Fundir skulu haldnir á skrifstofu félagsins. Í sérstökum tilvikum má halda fundi annars staðar telið formaður efni fundarins eða aðrar aðstæður gefa tilefni til. Heimilt er að stjórnarmenn taki þátt í stjórnarstörfum símleiðis eða með fjarfundabúnaði.
- 4.2 Í sérstökum tilvikum er stjórn heimilt að taka fyrir erindi milli funda með tölvupóstsamskiptum. Þegar slíkt ber upp skal ganga frá bókun um málið á næsta fundi stjórnar og varðveita tölvupóstsamskipti sem fundargög.



- 4.3 Til stjórnarfunda skal boða með að lágmarki þriggja daga fyrirvara. Dagskrá stjórnarfunda ásamt viðeigandi fundargögnum skal að jafnaði senda út til stjórnarmanna að lágmarki tveimur dögum fyrir boðaðan fund. Stjórnarformaður getur vikið frá þessu telji hann það óhjákvæmilegt vegna sérstakra aðstæðna. Framkvæmdastjóri undirbýr stjórnarfundi í samráði við formann.
- 4.4 Á stjórnarfundum skal taka fyrir fundargerð síðasta fundar, skýrslu framkvæmdastjóra um starfsemi félagsins og önnur mál s.s. ákvörðun um meiriháttar útgjöld.
- 4.5 Formanni ber að kalla saman fund ef tveir stjórnarmenn, framkvæmdastjóri eða endurskoðandi krefst þess.
- 4.6 Framkvæmdastjóri á sæti á fundum stjórnar og hefur þar umræðu- og tillögurétt, nema stjórn ákveði annað í einstökum tilvikum.
- 4.7 Stjórn sér til þess að fundargerðir séu haldnar og skráðar í fundargerðabók félagsins.
- 4.8 Formaður stjórnar stýrir stjórnarfundum. Í fjarveru hans stýrir varaformaður stjórnarfundum. Í fjarveru formanns og varaformanns stýrir aldursforseti stjórnarfundum.
- 4.9 Einfaldur meirihluti atkvæða ræður úrslitum kosninga og afgreiðslu mála á stjórnarfundum, nema öðruvísi sé mælt í samþykktum félagsins eða landslögum. Falli atkvæði jöfn ræður atkvæði stjórnarformanns, en í fjarveru hans ræður atkvæði varaformanns.

5 HÆFI

- 5.1 Stjórn fjármálaþyrtækis skal ekki taka þátt í ákvörðunum um einstök viðskipti, nema umfang þeirra sé verulegt miðað við staðið fyrirtækisins.
- 5.2 Einstakir stjórnarmenn skulu ekki hafa afskipti af ákvörðunum um einstök viðskipti. Einstaklingar í stjórn félagsins skulu ekki taka þátt í meðferð máls sem þeir hafa persónulegra hagsmunu að gæta eða fyrirtæki sem þeir eiga hlut í, sitja í stjórn hjá, eru fyrirsvarsmenn fyrir eða eiga að öðru leyti verulegra hagsmunu að gæta í. Sama gildir um þátttöku þeirra í meðferð máls er varðar aðila sem eru þeim nátengdir, persónulega eða fjárhagslega. Í þessu sambandi er vísað til 55. gr. laga nr. 161/2002.
- 5.3 Stjórnarmenn skulu upplýsa um hugsanlegt vanhæfi sitt til að taka þátt í meðferð einstakra mála. Telji framkvæmdastjóri eða stjórnarmaður að einhver stjórnarmaður sé vanhæfur til meðferðar máls, geta þeir krafist þess að hann víki sæti áður en efni máls eru kynnt og gögn afhent. Stjórn tekur ákvörðun um hæfi stjórnarmanna. Þegar stjórnarmaður telst vanhæfur til meðferðar máls máls vegna hagsmunatengsla, sbr. 55. gr. laga nr. 161/2002, þá skal hann víkja af fundi og ekki fá aðgang að gögnum er varða afgreiðslu viðkomandi máls. Bóka skal í fundargerð að stjórnarmaður hafi vikið sæti og ekki fengið aðgang að gögnum þessu til staðfestingar.



6 UPPLÝSINGAGJÖF

- 6.1 Stjórn skal hafa aðgang að öllum gögnum og upplýsingum er varða störf stjórnarinnar á milli stjórnarfunda. Stjórn getur krafið framkvæmdastjóra félagsins um allar þær upplýsingar og gögn sem stjórn eru nauðsynleg til að stjórnin geti sinnt verkefnum sínum. Jafnframt skulu stjórnarmenn hafa aðgang að sjálfstæðri sérfræðiráðgjöf á kostnað félagsins, telji þeir nauðsyn á slíku til að taka sjálfstæðar og upplýstar ákvarðanir.
- 6.2 Upplýsingagjöf til stjórnarmanna um viðskiptavini skal aðeins fara fram í gegnum stjórn og er stjórnarmönnum óheimilt að hafa beint samband við starfsmenn til upplýsingaöflunar um slíkt. Fyrirspurnir stjórnarmanna um einstök viðskipti eða viðskiptavini skal bera upp í stjórn og svör við slíkum fyrirspurnum skulu kynnt stjórnarmönnum öllum og bókuð í fundargerð.
- 6.3 Stjórn skal reglulega fá upplýsingar um fyrirgreiðslu til venslaðra aðila, þá getur stjórn óskað eftir slíkum upplýsingum hjá framkvæmdastjóra. Þeir aðilar sem teljast til venslaðra aðila eru þeir aðilar sem eru í tengslum við fjármálafyrirtæki með þeim hætti að með fyrirgreiðslu fjármálafyrirtækisins til þeirra eða fyrirtækja þeim tengdum kunna að vakna spurningar um hagsmunaárekstra. Við mat á því hverjir teljist til venslaðra aðila er mikilvægt að lita til þess hvort viðkomandi aðilar geti notið aðstöðu sinnar á einhvern hátt umfram aðra viðskiptamenn fjármálafyrirtækisins, m.a. með tilliti til kjara, endursamninga og stöðu.
- 6.4 Helstu upplýsingar sem lagðar skulu reglulega fyrir stjórn:
- Reglubundar upplýsingar og skýrslur um rekstur félagsins.
 - Reglubundnar upplýsingar og skýrslur um eftirlit sjóða.
 - Endurskoðun á ársreikningi félagsins skal lokið og hann lagður fyrir stjórn fyrir lok mars ár hvert. Kønnuðu hálfssársuppgjöri skal lokið og lagt fyrir stjórn eigi síðar en fyrir lok ágúst ár hvert.
 - Skýrsla innri endurskoðunar skal kynnt fyrir stjórn ár hvert.
 - Skýrsla regluvarðar skal kynnt fyrir stjórn að lágmarki einu sinni á ári.
 - Skýrsla áhættustýringar skal kynnt fyrir stjórn að lágmarki tvisvar á ári.
 - Drög að rekstraráætlun fyrir komandi rekstrarár félagsins skulu lögð fyrir stjórn fyrir árslok ár hvert.
- 6.5 Komi til samskipta milli stjórnarmanna og/eða milli stjórnarmanna og framkvæmdastjóra félagsins utan stjórnarfunda er varða málefni stjórnar, ákvarðanir stjórnar eða forsendur ákvarðana stjórnar, skal upplýst um þau mál við upphaf næsta stjórnarfundar. Skulu slík samskipti bókuð í fundargerðarbók samkvæmt mati hverju sinni m.t.t. þess hvort samskptin verði talin mikilvæg.

7 PAGNAR- OG TRÚNAÐARSKYLDA

- 7.1 Á stjórnarmönnum hvílir þagnarskylda um málefni félagsins og félaga sem fjárfest er í, hagi starfsmanna og önnur atriði sem þeir fá vitneskju um í starfi sínu sem stjórnarmenn og leynt skulu fara samkvæmt samþykktum félagsins, lögum eða eðli máls, nema um sé að ræða málefni sem stjórn ákveður að gera opinber eða slíkt leiðir af ákvæðum hlutafélagalaga eða samþykktum félagsins. Þagnarskylda helst þótt látið sé af starfi. Til fyllingar þessu ákvæði er vísað til 58. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki.



8 FRAMKVÆMDASTJÓRI OG STARFSVID

- 8.1 Stjórn ræður framkvæmdastjóra, einn eða fleiri, skilgreinir starfssvið þeirra og veitir prókúru.
- 8.2 Framkvæmdastjóri ber ábyrgð á daglegum rekstri félagsins og fer með ákvörðunarvald í öllum málefnum þess sem ekki eru falin öðrum lögum samkvæmt eða falla undir verksvið stjórnar. Framkvæmdastjóra ber að sjá um að rekstur sé að öllu leyti í samræmi við lög, samþykktir félagsins og ákvarðanir stjórnar félagsins og hluthafafunda.
- 8.3 Framkvæmdastjóri skal gera stjórn grein fyrir öllum stærri málum er varða rekstur félagsins.
- 8.4 Framkvæmdastjóri skal bera allar fjárfestingarákvarðanir félagsins, sem og allar ákvarðanir sem fela í sér meiriháttar útgjöld undir stjórn félagsins.
- 8.5 Framkvæmdastjóra er almennt óheimilt að sitja í stjórn atvinnufyrirtækis og taka þátt í atvinnurekstri að öðru leyti. Stjórn er þó heimilt að veita slíka heimild ef þörf þykir, og slíkt starf stangast ekki á við hagsmuni félagsins. Eignarhlutur í fyrirtæki telst þátttaka í atvinnurekstri, nema um sé að ræða óverulegan hlut sem ekki veitir bein áhrif á stjórnun þess.

9 GERD ÁRSREIKNINGS

- 9.1 Framkvæmdstjóri leggur fram drög að ársreikningi. Endurskoðandi félagsins fer yfir drög og skráir athugasemdir.
- 9.2 Þegar stjórn hefur farið yfir drögin og þau gefa að mati stjórnar rétta mynd af starfsemi félagsins, undirritar hún ársreikninginn sem síðan er lagður fyrir aðalfund til staðfestingar.
- 9.3 Endurskoðandi situr stjórnarfund þegar yfirferð ársreiknings eða árshlutareiknings er á dagskrá.

10 BREYTINGAR Á STARFSREGLUM

- 10.1 Einungis stjórn getur gert breytingar á starfsreglum þessum. Til breytinga á starfsreglunum þarf samþykki allra stjórnarmanna. Æskilegt er að starfsreglur þessar séu yfirfarnar árlega hið minnsta.

11 FRAMKVÆMD REGLNANNA

- 11.1 Þeir sem eiga sæti í stjórn við setningu starfsreglna þessara skulu undirrita frumrit þeirra. Ef stjórn samþykkir breytingar á starfsreglunum skulu stjórnarmenn undirrita frumrit af reglunum svo breyttum. Nýjum stjórnarmönnum skulu kynntar starfsreglurnar og skulu þeir undirrita þær því til staðfestu.

Þannig samþykkt á fundi stjórnar ÍV sjóða hf.

Akureyri, 26. 11. 2019

Kolbeinn Fríðriksson
Ingvísl MSF lögreglugreyju
Katrín Káradóttir

